

# **Reglur um úthlutun íbúðar eldriborgara og lífeyrisþega**

## **að Gunnarsbraut 11**

### **1. gr.**

Umsóknir skulu vera skriflegar.

### **2. gr.**

Umsækjendur um íbúðir aldraðra skulu hafa náð 67 ára aldri eða njóta örorkulífeyris og skal það gilda fyrir minnst annan aðila við hjónaumsókn. Umsækjendur skulu hafa átt lögheimili í Dalabyggð í 2 ár hið minnsta. Hjón eða sambúðaraðilar sem bæði uppfylla þessi skilyrði njóta forgangs fram yfir aðra.

### **3. gr.**

Byggðarráði er heimilað að úthluta íbúðum á öðrum forsendum en um getur í 2. gr. að því gefnu að aðrir umsækjendur uppfylli ekki umsóknarskilyrði 2. gr.

### **4. gr.**

Þjónustumat skal gert fyrir afgreiðslu sérvverrar umsóknar. Hjúkrunarforstjóri Silfurtúns metur félagslegar- og heilsufarslegar aðstæður umsækjanda á grundvelli umsóknar og gerir tillögu til Byggðarráðs.

### **5. gr.**

Húsaleiga skal greidd frá úthlutunardeggi.

### **6. gr.**

Leigugjald reiknast samkvæmt reglum íbúðalánasjóðs um leiguíbúðir.

Óski leigutaki eftir þjónustu í Silfurtúni þarf að sækja um það sérstaklega og greiða fyrir það.

### **7. gr.**

Lok leigusamnings skal fara eftir ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 XI. Kafla. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur skal vera eins og segir í 56. grein laganna.